

Greinagerð Réttindaráðs Snælandsskóla

Réttindaráð hefur fulltrúa úr 4.-10. bekk. Hlutverk okkar er að koma á framfæri hvað felst í því að vera Réttindaskóli UNICEF. Einnig erum við talsmenn nemenda skólans og höfum það hlutverk að koma á framfæri óskum og þörfum á því sem betur má fara.

Við hittumst reglulega á fundum á þriggja vikna fresti. Þar er okkar skoðunum og skólafélaga okkar komið á framfæri. Þær skoðanir hafa verið fegnar með bekkjarfundum sem haldnir eru reglulega. Við unnum aðgerðaáætlun þar sem niðurstöður kannanna og skoðanir skóla félag okkar voru settar fram.

Það er okkar hlutverk að kynna og passa upp á að Barnasáttmálinn sé kynntur fyrir öllum nemendum og starfsmönnum skólans, frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar. Uppbrotsdagar hafa verið haldnir þar sem unnið var með barnasáttmálann þvert á stig skólans og þeir verða fleiri.

Þessi vinna hefur skilað okkur árangri og vissar breytingar hafa verið gerðar og eru ýmsar hugmyndir í farvegi.

Við viljum halda áfram þessari vegferð í þágu nemenda.

Áhersluatriðin eru að halda áfram að gæta hagsmuna nemenda og leiðréttu þá þætti þar sem þeim og okkur finnst úrbóta þörf.



Elísa, Eva Marín, Vaka, Hákon, Pétur Karl, Arngrímur, Kristín Edda
Yzabelle, Emilía, Fannar, Hrafnhildur
Sunna, Atli
Halldór, Sóley